Nd. **398. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924, og á lögum nr. 57, 19. maí 1930.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Í frv. þessu, sem komið er frá efri deild, eru teknir upp viðtækir viðaukar við þjóðvegi í Árness-, Borgarfjarðar- og Snæfellsnessýslum, auk minni háttar viðauka i Húnavatns- og Norður-Múlasýslu. Til annara héraða tekur frv. ekki og er því að efni mjög einhliða.

Viðaukatillögur við frv. hafa nú komið úr flestum sýslum landsins, og er með öllu víst, að margar þeirra eiga eins mikinn rétt á sér eins og vegir þeir, sem frv. nefnir.

Ógerlegt er að meta réttlátlega kröfur þær um vegi, sem fram koma i frv. og nefndum viðaukatill., nema nákvæm rannsókn sé gerð um vegalengdir, staðháttu, vegagerðarkostnað, þarfir héraðsbúa og annað, sem mælir með eða móti vegagerð á hverjum stað, en engin tök eru á slíkri rannsókn hjá þingnefnd, sem önnum er kafin og aðeins hefir 2 eða 3 daga til starfa.

Það er augljóst, að vegalagning eftir frv. og öllum viðaukatill. þess mundi kosta ríkissjóð nokkrar milljónir króna og framkvæmdir því dragast um tugi ára, og það því fremur, sem mikill hluti þeirra áður lögbundnu vega er ennþá ólagður.

Nefndin hefir aðeins haft frv. um tvo daga og annríkis vegna ekki getað til neinnar hlítar rannsakað ástæður og vegaþörf héraða þeirra allra, sem veganna óska.

Vegamálastjóri hefir, eftir ósk nefndarinnar, komið á fund hennar, gefið henni upplýsingar um marga vegarkafla og látið henni í té afrit af tillögum þeim, sem hann gerði til samgöngumálanefndar efri deildar, meðan frv. var þar.

Álit vegamálastjóra hnígur mjög í sömu átt og nefndarinnar, um að

nauðsynleg sé frekari athugun á vegamálum þessum en fengizt hefir, mæling vegalengda og kostnaðaráætlanir.

Afgreiðsla málsins, hvort heldur væri eftir frv. eins og það liggur fyrir eða að viðbættum viðaukatillögum þeim, sem fram eru komnar, mundi verða fullkomið handahóf, sem aldrei yrði unað við til lengdar, enda þinginu ósamboðin.

Eina leiðin til að ná viðhlítandi niðurstöðu í málinu virðist því að fresta því til frekari rannsóknar og undirbúnings undir komandi þing. Engin knýjandi þörf er á því að flýta slíku máli og engar framkvæmdir þurfa að tefjast, þótt það bíði næsta þings.

Meiri hl. nefndarinnar hefir óbundin atkvæði um einstakar tillögur, ef þær koma undir atkvæði, en telur sér eigi fært að fylgja frv. óbreyttu og leggur til eftir framansögðu, **að málinu verði vísað til stjórnarinnar.**

Einn nefndarmanna (JJós) hefir sérstöðu í máli þessu og undirritar ekki álitið.

Alþingi, 19. ágúst 1931.

Sveinn Ólafsson, form., frsm. | Bergur Jónsson, fundaskr. | Jón A. Jónsson.

Sveinbjörn Högnason.